

Ölfusborgir við Hveragerði



Sumarhúsaþbyggðin í Ölfusborgum er sú elsta sinnar tegundar hér á landi. Miklar endurbætur voru gerðar vorið 2010 á húsi félagsins sem er nr. 11. Húsið er með heitum potti og góðri verönd. Svefnpláss og sængur fyrir 6, einnig er hægt að fá barnarúm. Leikvöllur fyrir börn er rétt við húsið, rólegt og barnvænt umhverfi. Hveragerði er í næsta nágrenni og frá Ölfusborgum er stutt í alla þjónustu.

Lyklar eru afhentir á staðnum gegn framvísun leigusamnings.

Hraunborgir í Grímsnesi



Bústaður félagsins heitir Bræðrapartsvör og stendur við Húsasund nr. 16. Sumarhúsaþbyggðin í Hraunborgum er vel gróin, með þjónustumiðstöð og sundlaug. Á svæðinu er líka golfvöllur, minigolf og leikvöllur fyrir börnin. Góð staðsetning á Suðurlandinu og stuttar vegalengdir að mörgum perlum íslenskrar náttúru og tilvalið að fara dagsferðir um Suðurlandið. Húsið er svokallaður A-bústaður og við hann er stór verönd og heitur pottur. Búnaður er fyrir 8 manns.

Lyklar eru afhentir á staðnum gegn framvísun leigusamnings.

Furulundur, Akureyri



Félagið á þrjár íbúðir í Furulundi 8 á Akureyri. Í öllum íbúðunum eru 2 svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss er fyrir 4 í herbergjum og hægt að fá gestarúm og barnarúm. Sængur eru fyrir 5 manns. Gasgrill á svölum. Í íbúðunum er einnig þvottavél.

Lyklar eru afhentir á staðnum gegn framvísun leigusamnings.

Vestmannaeyjar



Um er að ræða efri hæðina í Smiðjunni við Höfðaból, í Vestmannaeyjum, um 2 km. frá miðbænum. Í íbúðinni eru þrjú svefnherbergi og í hverju þeirra eru tvö einstaklingsrúm auk þess sem hægt er að nota svefnsófa í stofu. Sængur eru fyrir 6 manns. Í íbúðinni er þvottavél og uppþvottavél.

Lyklar eru afhentir á staðnum gegn framvísun leigusamnings.



Verkalýðsfélag Akraness

Sunnubraut 13

300 Akranes

Sími: 430 9900 Netfang: vlfa@vlfa.is

Skrifstofa félagsins er opin frá 8–16

Sumarið 2019

Orlofshús og –íbúðir



Munið umsóknarfrestinn - 14. apríl

Gleðilegt sumar!

www.vlfa.is



FÉLAGAVEFURINN



Við minnum á að í stað þess að skila inn umsókn er hægt að sækja um orlofshús á Félagavefnum og eru félagsmenn eindregið hvattir til þess. Félagavefurinn er aðgengilegur á www.vlfa.is og þar er hægt að fá lykilorð sent í netbanka.

Ásendi 10 í Húsafelli



Það þarf varla að kynna Húsafell fyrir félagsmönnum okkar. Staðurinn hefur um langt árabil verið einn af vinsælustu sumardvalarstöðum landsmanna. Náttúrufegurðin er einstök og útivistarmöguleikar eru óþrjótandi. Ótal góðra gönguleiða, golf, snjósleðaferðir og fl. Þá er sundlaugin ávallt vinsæl. Í húsi félagsins að Ásenda 10 eru 2 svefnherbergi og svefnloft. Búnaður er fyrir 8 manns. Húsið er með góðri verönd og heitum potti.

Lyklar eru afhentir á staðnum gegn framvísun leigusamnings.

Birkihlíð 6 í Húsafelli



Í Húsafelli eigum við einnig þetta glæsilega og rúmgóða hús við Birkihlíð. Við húsið er stór verönd með heitum potti, gasgrilli og garðhúsgögnum. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, hvert um sig með hjónarúmi, auk þess sem í gestahúsi er hjónarúm og svefnsófi. Húsið er vel búið flestum þægindum og búnaði fyrir 10 manns.

Lyklar eru afhentir á staðnum gegn framvísun leigusamnings.

Ásendi 9 í Húsafelli



Nýjasti bústaður VLFA er í Ásenda í Húsafelli. Hann er með tveimur svefnherbergjum ásamt gestahúsi. Í hvoru svefnherbergi eru hjónarúm og í gestahúsi er einnig hjónarúm. Húsið er búið flestum þægindum, en búnaður er fyrir 8 manns. Góður pallur er í kringum bústaðinn ásamt heitum potti, gasgrilli og garðhúsgögnum.

Lyklar eru afhentir á staðnum gegn framvísun leigusamnings.

Efstiás í Svínadal



Í Svínadal er hægt að dvelja þessu glæsilega orlofshúsi við Efstiás í Eyrarskógi. Um er að ræða rúmgott hús byggt árið 2002 sem stendur í fallegu umhverfi í landi Kambshóls í Svínadal. Gestir í húsinu geta veitt í vötnunum þremur í Svínadal án endurgjalds. Húsið er á tveimur hæðum, uppi eru tvö svefnherbergi og eitt til viðbótar er á neðri hæð. Búnaður er fyrir 8 manns.

Lyklar eru afhentir á staðnum gegn framvísun leigusamnings.

Kjós í Hvalfirði



Í Kjós á félagið stórt og gott orlofshús sem byggt var 2005. Húsið er 83 m² með tveimur svefnherbergjum og rúmgóðu lofti. Í svefnherbergjum eru tvíbreið rúm og á loftinu er tvíbreitt rúm og tvær aukadýnur. Barnarúm er til staðar. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Góður lokaður pallur er í kringum bústaðinn og að hluta yfirbyggður.

Lyklar eru afhentir á staðnum gegn framvísun leigusamnings.

Bláskógar í Svínadal



Bústaðurinn er staðsettur í Svarfólsskógi, hann er með tveimur svefnherbergjum og svefnlofti. Hjónarúm eru í báðum svefnherbergjum auk barnarúms. Á svefnlofti eru aukadýnur. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Góður pallur er í kringum bústaðinn, heitur pottur, gasgrill og garðhúsgögn.

Athygli er vakin á því að félagsmenn geta veitt án gjalds í vötnunum þremur í Svínadal gegn framvísun félagskirteinis.

Lyklar eru afhentir á staðnum gegn framvísun leigusamnings.